

# Afhending sjónvarpsauglýsinga

## til RÚV og Stöðvar 2 eftir 5. nóvember 2008

### Almennar reglur

- Auglýsingar skal afhenda í hlutföllunum 16:9.
- 16:9 er einnig skilgreint sem „16:9 Full Height Anamorphic“ (FHA).
- Ekki er heimilt að afhenda 16:9 með letterboxi fyrir 4:3.
- Engar breytingar á skjáhlutföllum innan auglýsingar eru leyfðar.
- Sjónvarpsstöðvarnar senda ýmist út í hlutföllunum 4:3 eða 16:9, eftir því um hvaða dreifikerfi útsendingin fer. Eigendur auglýsinga verða því að sætta sig við letterbox í þeirri dreifingu sem enn er í hlutföllunum 4:3.
- Ef auglýsendur geta af einhverjum ástæðum aðeins afhent auglýsingar í hlutföllunum 4:3 verða þeir að sætta sig við pillarbox þar sem efni er dreift í 16:9 en bæði pillarbox og letterbox þar sem efni er dreift í 4:3.
- Auglýsingar má afhenda sem tölvuskrár á þá slóð sem auglýsingadeildir stöðvanna tilgreina samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

### Tölvuskrár

#### Mynd

---

<b>Codec</b>	<b>QuickTime DV25 PAL</b>
<b>Myndhlutfall</b>	<b>16:9</b>
<b>Fielda-röðun</b>	<b>Lower first</b>
<b>Pixlafjöldi</b>	<b>720x576</b>
<b>Upplausn</b>	<b>72 dpi</b>
<b>Söfnunaraðferð</b>	<b>4:2:2, 4:1:1 eða 4:2:0</b>
<b>Stærð í MB</b>	<b>1 sekúnda = 3,5 MB</b>
	<b>1 mínúta = 215 MB</b>
	<b>4 mínútur og 40 sekúndur = 1 GB</b>
	<b>1 klst. = 13 GB</b>

#### Hljóð

---

<b>Söfnunartíðni</b>	<b>48 kHz</b>
<b>Dýpt</b>	<b>16 bita</b>
<b>Ref.</b>	<b>-18 dBFS</b>
<b>Peak</b>	<b>-9 dBFS</b>
<b>Þjöppun</b>	<b>engin</b>

Allar skrár verða að hafa .mov endingu

### Önnur form

Auk tölvuskráa má afhenda auglýsingar til RÚV á Digibetu, DVCpro25, DVCPro50, BetuSX eða BetuSP. Á Stöð 2 má einnig afhenda auglýsingar á BetuSX eða BetuSP. Þá þurfa þær spólur að öðru leyti að uppfylla þær gæðakröfur sem stöðvarnar gera við slíka afhendingu.

## Öryggissvæði

Í sjónvarpsgrafík er til hugtak sem nefnist „öruggt svæði“ (safe area). Þetta hugtak er notað sem viðmiðun þegar texti er settur á efni sem skilað er til notkunar í sjónvarpi. Ástæðan fyrir þessu er að sum sjónvarpstæki á heimilum skera örlítið utan af myndinni. Þegar tæki eldast geta stýrísir sem stjórna stærð myndarinnar skekkst og myndin verður stærrí en skjárinn leyfir. Við það skerst mismikið utan af myndinni. Sum eldri tæki hafa ekki alveg ferkantaðan skjá og því skerst örlítið af hornunum. Einnig getur myndin hliðrast örlítið við ýmsa aðra eftirvinnslu.

### Textasvæði

Menn hafa komið sér saman um svæði sem er skilgreint sem „title safe“ eða „textasvæði“ til að tryggja að texti skili sér smekklega til áhorfandans. Þegar unnin er sjónvarpsgrafík er nauðsynlegt að allur texti á skjánum sé innan þessa svæðis. Venjulegur rammi sem notaður er í grafík fyrir PAL (evrópska sjónvarpskerfið) er 720 x 576 punktar. Örugga svæðið fyrir texta (title safe) er hins vegar 576 x 460 punktar.


### Myndvinnslusvæði

Ef um lifandi mynd er að ræða þarf allt sem menn vilja að skili sér sem myndefni eða „action“ að vera innan svæðis sem er 648 x 518 punktar (action safe (hér eftir nefnt „myndvinnslusvæði“)).

Í raun er þetta þannig að „action safe“ sker 10% utan af myndinni (5% af hverri hlið) en „title safe“ sker 20% utan af myndinni (10% af hverri hlið). Ef notuð er upplausnin 72 dpi (72 punktar á tommu) verða þetta um 1,25 cm fyrir „action safe“ og 2,5 cm fyrir „title safe“. Sumir miða þó við 2 cm fyrir „title safe“ og er það viðunandi. Á mörgum betri mónitorum eða myndvinnsluforritum (t.d. Photoshop) er hægt að kveikja á viðmiðunarlínunum sem sýna þessi svæði.

### Nánar um öryggissvæði fyrir 16:9

Myndin sýnir nánar þau öryggissvæði sem nauðsynlegt er að taka tillit til svo titlar og myndvinnsla líti þægilega út á skjánum



**Mælst er til þess að öll grafík sem skilað er til sjónvarpsins sé innan þessara marka til að tryggja að hún líti þökkalega út fyrir áhorfandann og allar upplýsingar sem eiga að koma fram sjáist.**

Þetta gildir um allt sjónvarpsefni hvort sem um er að ræða lifandi efni eða grafík, s.s. skjáauglýsingar, fréttagrafík, nafnasúp, kreditlista, þýðingartexta eða vörumerki.